

Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra
Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Alþingi, 12. júní 2008

Efni: Vegna frumvarps um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn (EES-reglur, breyting ýmissa laga)

Í bréfi dagsettu þann 16. maí sl. krafðist ég þess sem nefndarmaður í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd að öll gögn utanríkisráðuneytisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um feril málsins frá upphafi til enda viðræðna við ESB yrðu lögð fyrir fyrir fund nefndarinnar þann 19. maí. Var þessi krafa ítrekun á fyrri beiðnum sama efnis á fundum nefndarinnar.

Í bréfinu setti ég fram eftirfarandi kröfur: „Sérstaklega geri ég kröfu til þess að fyrir fundinn nk. mánudag liggja öll gögn utanríkisráðuneytisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um feril málsins frá upphafi til enda viðræðna við ESB. Þar tiltek ég meðal annars kröfugerð ESB í málinu og öll gögn önnur frá sambandinu, kröfugerð nefndra ráðuneyta, bréf og tölvupósta sem hafa farið á milli samningsaðila, greinargerðir, nótur og minnispunkta, fundargerðir og minnisblöð og útskriftir af skjalaskráum nefndra ráðuneyta yfir öll send eða móttækin skjöl vegna málsins samkvæmt gildandi skjalaskráningarkerfi.

Sama krafa er gerð á hendur Matvælastofnun, fyrirrennurum hennar og yfirdýralækni. Jafnframt að gestir nefndarinnar nk. mánudag komi fyrir nefndina á nýjan leik þegar nefndarmönnum hefur gefist tóm til að kynna sér umkrafin gögn til hlítar. Í þessu samhengi geri ég eindregna kröfu til þess, sbr. ítrekaðar óskir mínar á fyrri fundum nefndarinnar um málið, að öll skjöl sem fela í sér skuldbindingu Íslands um að falla frá umsaminni undanþágu Íslands samkvæmt EFTA-samningnum varðandi búfjárafurðir verði lögð fyrir nefndina. Jafnframt er krafist skriflegra skýringa utanríkisráðuneytisins á því að málið, sem varðar alþjóðlega samninga Íslands, hafi ekki verið lagt fyrir utanríkismálanefnd.

Á fyrri fundum nefndarinnar hefur því verið haldið fram, að Ísland fái stöðu „þriðja ríkis“ gagnvart sjávarafurðum ef ekki verði fallið frá undanþágu um innflutning búfjárafurða frá Evrópska efnahagssvæðinu. Gerð er krafa til þess að utanríkisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið leggi fram samninga og önnur tiltæk skjöl sem staðfesta þá staðhæfingu og

ATLI GÍSLASON
alþingismaður

ALÞINGI · REYKJAVÍK · Sími: 563 0500 · FAX: 563 0780
NETFANG: atlig@althingi.is

upplýsi jafnframt skriflega og staðfesti skjállega hvaða afleiðingar það hafi ef umrætt frumvarp verður ekki leitt í lög fyrir þingfrestun 29. maí nk.“

Þessum kröfum mínum hefur ekki verið sinnt. Ég ítreka því enn og aftur kröfu mína sem þingmaður og nefndarmaður í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd um að fá þegar í stað öll umbeðin gögn málsins og upplýsingar. Vísa ég þar til skýlauss réttar míns sem þingmanns og fulltrúa þingflokks VG í nefndinni. Að gefnu tilefni óska ég líka eftir því að upplýst verði hvenær málið var tekið fyrir í ríkisstjórn og hvaða afgreiðslu það fékk.

Virðingarfyllt,

Atli Gíslason, alþingismaður

ATLI GÍSLASON
alþingismaður

ALÞINGI · REYKJAVÍK · Sími: 563 0500 · FAX: 563 0780
NETFANG: atlig@althingi.is